

Foreldrahandbók

Kæru foreldrar/forráðamenn

Um leið og við bjóðum ykkur og barn ykkar velkomið í leikskólann, viljum við gefa upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra/forráðamenn að vita.

Um leikskólann

Leikskólinn Akrasel tók til starfa í ágúst 2008. Leikskólinn er 6 deilda og fjöldi barna um 150 talsins. Deildarheiti eru tekin úr náttúrunni með vísun í nafnið okkar Akrasel. Akrasels nafnið er þjálft, gamalt og gott. Í Víðigerði stóð leikskóli sem bar þetta nafn en honum var lokað þegar Teigasel tók til starfa árið 1998. Okkur finnst nafnið vel við hæfi þar sem það vísar í Akrafjallið okkar og akurinn. Segja má að við séum með óplægðan akur, þar sem börnin dvelja hjá okkur á sínum fyrstu mótunar árum.

Starfsgrundvöllur

Leikskólastarfið byggist á lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla sem er lögfest námskrá allra leikskóla og Skólanámskrá Akrasels. Skólanámskrá Akrasels má finna á heimasíðu leikskólans akrasel.is. Skólanámskráin er lifandi plagg sem er í stöðugri endurskoðun. Leikskóli er uppeldis- og menntastofnun þar sem börn þroskast og læra í gegnum leik.

Meginmarkmið með uppeldi í leikskóla er samkvæmt lögum:

- Að búa börnunum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi
 - Að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara
 - Að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar
 - Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna
 - Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
-

- Að rækta tjáningar og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

Börnin eru að læra og æfa sig allan daginn. Við viljum leggja áherslu á virðingu, nálægð, hlýju og umhyggju sem hluta af uppeldisstarfinu.

Markmið Akrasels eru:

Að barnið:

- tileinki sér þá hæfni sem það krefst að takast á við sjálfan sig og lífið í samskiptum við aðra
- læri að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs
- beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- öðlist hæfni í að tjá sig og afla sér þekkingar

Leikurinn sem náms og þroskaleið

Við leggjum áherslu á leikinn í allri sinni mynd og setjum hann í öndvegi, í leiknum felst nám. Leikurinn er kennsluáferð kennarans um leið og hann er námsleið barnsins. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Frjáls og sjálfssprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Reynsla barnsins tekur oftast á sig form leiksins. Í frjálsum leik eru mikilvægir uppeldiskostir sem geta eftt alhliða þroska barnanna, þ.e. líkams-, tilfinninga-, félags-vitsmuna-, siðgæðis og fagurþroska. Leikurinn er líf barnsins og starf. Segja má að í bernsku sé það að leika sér sama og að læra og afla sér þekkingar. Fjölþætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og nýja færni.

Stefnur leikskólans – Umhverfismennt og Jóga

Umhverfismennt

Markmið leikskólans eru að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar, upplifi hana af eigin raun, læri að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska. Umhverfismenntun er samofin endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi okkar sem m.a. fellst í flokkun og endurnýtingu.

Markmið leikskólans Akrasels með umhverfismennt er :

- Að njóta náttúrunnar í leik og kennslu
 - Að ganga um náttúru okkar af virðingu
 - Að flokka úrgang og pappír (endurnýta)
 - Að nota umhverfisvænar hreinlætisvörur
 - Að safna lífrænum úrgangi (hefðbundin moltugerð og haugormamolta)
 - Að rækta grænmeti og plöntur í garðinum
 - Að spara raforku og vatn eins og kostur er
-

Í upphafi fengum við leiðbeiningar frá Þóru Þorvaldsdóttir sem var verkefnastjóri umhverfismenntar hjá okkur, kom hún reglulega til okkar fyrsta árið og veitti leiðsögn. Núna er umsjón umhverfismenntar alfarið í höndum starfsfólks leikskólans.

Að undanfögnu höfum við verið að bæta við okkur vinnu með Heimsmarkmiðið og Barnasáttmála Sameiniðupjóðanna. Sú vinna hefur leitt af sér að Akrasel er fyrsti UNESCO leikskólinn á Íslandi.

Grænfánarnir okkar: eru orðnir 6 og nú vinnum við að okkar 7. fána.

Jóga

Með ástundun jóga þjálfum við okkur í að tengja saman hug og líkama, vinnum að því að skapa meira jafnvægi og ábyrgð í lífi okkar. Jóga er kerfi sem sameinar margar æfingar eða stöður sem hjálpa líkama og huga okkar að vinna saman að því að byggja upp styrk, sveigjanleika, jafnvægi og einbeitingu.

Í Akraseli eru margir kennarar sem sinna jógakennslu með börnum.

Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun strax í upphafi. Börnin þurfa að fá góðan tíma til að kynnst starfsemi leikskólans, starfsfólki og börnum. Aðlögun er ekki síður mikilvæg fyrir foreldra til þess að kynnst leikskólanum og starfsfólkinu. Hornsteinn er lagður að öryggi og vellíðan barnsins og samstarfi heimilis og skóla. Boðið er uppá aðlögunarviðtal 6-9 vikum eftir að aðlögun lýkur. Sjá upplýsingar um aðlögun sem er meðfylgjandi.

Móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna er í vinnslu.

Trúnaður

Það skiptir miklu máli að foreldrar sýni starfsemi, starfsfólki og öðrum börnum trúnað. Óheimilt er að taka myndir í leikskólanum af börnum annarra og birta á samskiptamiðlum.

Einnig ef þið verðið vitni að einhverjum samskiptum og uppákomum í leikskólunum biðjum við ykkur að sýna nærgætni og trúnað. **Símar eru ekki leyfðir í aðlögun.**

Opnaðir hafa verið lokaðir hópa fyrir hvern árgang á Facebook og eru þær síður eingöngu notaðar til uppbyggilegra samskipta, ekki eru settar inn myndir eða myndbönd af börnunum á þá síðu. Við notum Sway forrit en þar eru myndir úr starfinu, slóð er sett á heimasíðu leikskólans.

Virða skal trúnað.

Vistunartími

Við upphaf leikskóladvalar er gerður skriflegur samningur við foreldra um vistunartíma barns. Við biðjum foreldra að virða þennan samning, því fjöldi starfsmanna fer eftir viðveru barna á hverjum tíma. Óski foreldrar eftir breytingu á vistunartíma þá er það gert í gegnum vala.is. Gagnkvæmur uppsagnafrestur er einn mánuður og miðast við mánaðarmót. Heimilt er að krefjast greiðslu fyrir einn mánuð hafi reglum um uppsagnafrest ekki verið fylgt. **Foreldrum ber að virða þann dvalartíma sem samið hefur verið um.**

Sjá nánar á: <http://www.akranes.is/verklagsreglur-fyrir-starfsemi-leikskola-akraneskaupstadar>

Leikskólagjöld

Foreldrar fá senda greiðslukröfu í heimabanka fyrir leikskólagjöldum barnsins. Vinsamlega hafið samband við leikskólastjóra ef rangt gjald er á greiðsluseðli.

Dagskipulag

Dagskipulagið myndar ramma um uppeldisstarfið í leikskólanum. Það heldur starfi leikskólans í hæfilega föstum skorðum og skapar öryggi og festu sem eykur vellíðan barna og starfsfólks. Börnin vita að hverju þau ganga á degi hverjum og kemur dagskipulagið í veg fyrir óþarfa biðtíma og árekstra í samskiptum. Meiri tími gefst til uppbyggilegra leikja og starfa. Fastir liðir svo sem matmálstímar, hópastarf og útivera skipa stóran sess í skipulaginu, ásamt námi og leik.

Grunndagskipulag:

Opnun	7.30 (6:45 ef það eru 3 börn eða fleiri)
Morgunmatur	8:00-9:00
Samverustund	9:00-9:20
Skipulagt starf	9:20-11:15/11:30
Hópastarf, leikur, Útivera, vettvangsferðir	
Samverustund	11:15-11:30
Hádegisverður	11:30-12:00
Hvíld	12:00 >
Útivera/leikur	12:30-14:15
Nónhressing	14:30-15:00
Lestrarstund	15:00-15:30
Leikur/útivera	15:30>
Lokun	16.30

Við leggjum mikla áherslu á vellíðan og gleði. Í dagskipulaginu okkar höfum við áætlað rúman tíma í flesta liði, þannig að við leggjum ekki undir þeirri pressu að börnin geti ekki klárað leikinn sinn. Dagskipulagið er viðmið sem við vinnum út frá,

tímasetningar skal taka með fyrirvara. Í leikskólastarfinu riðlast tímasetningar vegna ólíkra verkefna, vegna þess að stundum eru börnin misjafnlega upplögð eða vegna annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Barnið og þarfir þess er ávalt í brennidepli.

Að koma og fara

Við leggjum áherslu á að vel sé tekið á móti barninu og það látið finna að það sé velkomið í leikskólann og í lok dags sé barnið kvatt og því þakkað fyrir daginn. Mikilvægt er að foreldrar geri vart við sig þegar komið er og þegar barn er sótt. Dyrabjöllur fyrir hverja deild eru við útidyraturð, þær hafa verið notaðar vegna takmarkanna í covid en ykkur er velkomið að nota þær ef þið viljið að við sækjum börnin í fataherbergi í upphafi dags.

Fjarvistir

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins t.d. veikindi eða frí. Óskað er eftir að foreldrar noti vala.is eða hringi og tilkynni um veikindi eða fjarverur barnsins, til þess starfsmanns sem svarar símanum hverju sinni. Einnig má tilkynna um fjarverur á Völu.

Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Útivera er holl öllum börnum. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt og rýsjótt en við því er ekkert að gera. Þess vegna er börnum á Íslandi frá blautu barnsbeini hollt að venjast veðráttu landsins. Sumir foreldrar hafa tilhneigingu til að óska eftir inniveru fyrir börn sín í því skyni að verja þau gegn veikindum. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyra. Mikilvægt er að börnin séu klædd í samræmi við veður og einnig að þau hafi næg aukaföt. Yfir sumartímamann með hlýnandi veðri og hækkandi sól lengist útiveran.

Útbúnaður

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og hafa ber í huga að veður getur breyst snögglega. **Merkja skal föt barnanna á greinilegan hátt, sérstaklega útiföt, þá eru minni líkur á að fötin glatist.** Mikilvægt er að fötin séu þægileg og hefti ekki hreyfingar barnanna. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann. Aukafötin eru geymd í glærum plastkössum í hólfum barnanna. Gott er að hafa í kassanum föt sem ykkur er ekki annt um því ef þau geymast lengi vaxa börnin upp úr þeim. **Foreldrar eru vinsamlega beðnir að fylgjast vel með, fylla á kassann eftir þörfum.** Foreldrar eiga að koma með þann klæðnað sem barnið þarfnast í leikskólanum, leikskólinn er ekki með aukaföt á börnin. Það er gott að yfirfara fötin og halda þeim í lagi t.d. á teygjum, smellum og rennilásnum.

Í aukafata kassanum þarf að vera: 2 sett af nærfötum. 2 sokkapör, 1-2 buxur og 1 peysa. Þegar börn eru að hætta með bleyjur þarf oft að auka aðeins í kassanum á meðan á því stendur.

Í hólf barnsins þurfa alltaf að vera: Húfa, þunn húfa/buff, regnbuxur, regnjakki, úlpa, stígvél, skór, hlý innanundir föt (flís eða ullarföt) 2 vettlingapör, pollavettlingar. Yfir vetratímam þarf að bæta við kuldagalla, kuldaskóm, ullarsokkum, lambhússettu og jafnvel fleiri vettlingapörum. Það er gott að geyma þunna fingravettlinga heima yfir köldustu mánuðina.

Leikskólinn er vinnustaður barnanna. Þess vegna er mikilvægt að þau séu í „vinnufötum“, þ.e.a.s. fötum sem þola vinnu með lím, liti, málningu eða útivinnu.

Vinsamlega tæmið hólf barnsins í vikulok til að auðvelda þrif.

Fyrir svefninn

Okkur langar til að biðja foreldra um að koma með kotta, teppi eða sæng að heiman. Til þess að börnin hafi sína lykt í sængurfötunum. Annan hvern föstudag á yngri deildum fer þetta heim og kemur hreint til baka á mánudögum. Þetta fyrirkomulag tryggir að sængurfötin séu alltaf hrein og ruglast síður á milli barna, þannig minnkar smithætta á milli barna og þvottar í umhverfisleikskólanum okkar verða minni. Lök og dýnur eru til staðar í leikskólanum. Það fara öll börn í hvíld eftir hádegisverð, hvíldartími barna á yngri deildum Lindum er 60 mínútur á eldri deildum Hömrum er hvíldartíminn 30 mínútur .

Máltíðir

Í leikskólanum fá börnin morgunmat, sé þess óskað, hádegismat og nónhressingu. Leitast er við að hafa hollan og næringarríkan mat á borðum. Grænmeti og/eða ávextir eru alltaf í boði. Vinsamlega látið deildarstjóra vita strax ef barn hefur ofnæmi eða óþol fyrir einhverjum fæðutegundum og nauðsynlegt er að læknisvottorð þess efnis fylgi frá lækni. Morgunverður er frá kl. 8:00 til 9:00, ef barn ætlar að borða morgunverð í leikskólanum þá þarf það að vera komið í leikskólann fyrir kl. 8:45. Í morgunmat er boðið upp á hafragraut, ab-mjólk eða annað. Um kl. 10 á morgnanna fá börnin ávaxtabita. Í nónhressingu er boðið upp á brauð, álegg og mjólk.

Sérkennsla

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri, Sigurrós Ingimarsdóttir. Hlutverk sérkennslustjóra er að leiðbeina kennurum og foreldrum og halda utan um börn sem þurfa sérstakan stuðning. Hún skipuleggur fundi ásamt kennurum, foreldrum og sérfræðingum. Einnig getur hún gert formlega athugun á þroska barnsins í skólanum með viðeigandi þroskaþrófum eða matstækjum. Sú vinna fer fram með samþykki og í samvinnu við foreldra. Ef grunur vaknar um einhver þroskafrávik hjá barni ber

kennurum barnsins að hlutast til um málið. Þetta á einnig við ef kennarar telja að félagslegar aðstæður barns hamli að einhverju leyti þroskamöguleikum þess.

Sérfræðiráðgjöf við leikskólann

Verkferlar okkar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni. Foreldri eða deildastjóri setja sig í samband við sérkennslustjóra. Í leikskólanum höfum við þroska lista sem hægt er að fylla út til að meta stöðu barnsins. Ef ástæða þykir til að skoða nánar er útbúin beiðni til sérfræðings sem kemur og metur barnið. Allar athuganir eru gerðar í samvinnu og samstarfi við foreldra.

Við höfum kost á að kalla inn talmeinafræðing og sálfræðing. Hafi foreldrar áhyggjur af frávikum í þroska barnsins s.s. í máli, hreyfingu eða öðru eiga þeir kost á því að fá þessa þjónustu fyrir barn sitt í gegnum leikskólann. Því fyrr sem gripið er inn í því betur stendur barnið sig í áframhaldandi námi.

Sambætt þjónusta í þágu farsældar barna

Á Íslandi hafa ný lög um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) tekið gildi. Þessi lög varða öll börn og ungmenni á Íslandi frá 0 - 18 ára aldurs. Öll börn eiga að njóta sömu réttinda án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna.

Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að sambættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Þjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur þjónustustigum:

1. Stig – er grunnþjónusta fyrir alla – snemmtækur stuðningur
2. Stig – er markviss stuðningsþjónusta byggð á faglegu mati eða frumgreiningu
3. Stig - er sérhæfðari stuðningsþjónusta í samræmi við ítarlega greiningu á þörfum

Akraneskaupstaður hefur hafið innleiðingu farsældarlaga og boðar breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur á Akranesi.

Helstu breytingar sem ný lög boða:

1. Tengiliður í nærumhverfi barns.
2. Málstjóri í Velferðarþjónustu.
3. Stuðningsteymi og stuðningsáætlun.

Hlutverk **tengiliðar** er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu þjónustu á **fyrsta stigi** í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Tengiliður Akrasels er Sigurrós Ingimarsdóttir aðstoðarleik- og sérkennslustjóri.

Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess.

Látið vita ef einhver annar en þið sjálf sækið barnið. Börnum yngri en 12 ára er að jafnaði ekki heimilt að sækja barn í leikskólann, jafnvel þó um systkini sé að ræða.

Foreldrum er velkomið að hringja í leikskólann til að spyrja um líðan barnsins og eins mun starfsfólk hringja ef þörf krefur.

Foreldrafélag

Við í Akraseli höfum ákveðið að við leikskólann starfi foreldrafélag. Í foreldrafélagi leikskólans eru allir foreldrar barnanna í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Foreldrafélagið innheimtir Krakkasjóð til að fjármagna skemmtanir og viðburði á vegum félagsins. Gjaldið í Krakkasjóð á ári er 3000kr. á heimili.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla 2008, skal kosið í foreldraráð í september á hverju ári, til eins árs í senn. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4.gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraviðtöl

Tvisvar á ári hittast foreldrar og leikskólakennari barnsins til formlegs samtals um gengi barnsins í leikskólanum og áherslur leikskólastarfsins. Annað er á haustin þá er farið yfir líðan barnsins og á vorin er farið yfir þroskakönnun sem gerð er af leikskólakennurum barnsins. Að sjálfsögðu geta báðir aðilar einnig óskað eftir viðtali hvenær sem þurfa þykir. Við hvetjum foreldra að láta viðtölin ekki framhjá sér fara. Á tíma Covid buðum við uppá símaviðtöl eða TEAMS fundi sem reyndust vel, þannig að við bjóðum foreldrum uppá að nýta tæknina áfram.

Munið að starfsfólk er bundið þagnarskyldu og við viljum biðja foreldra/forráðamenn einnig um að sýna trúnað og þagmælsku gagnvart því sem þið verðið áskynja og varðar persónuleg málefni barna, foreldra og starfsmanna í leikskólanum.

Samstarf leik- og grunnskóla

Brúum bilið er samstarfsverkefni leik- og grunnskólanna á Akranesi, Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, Akrasels, Garðasels, Teigasels og Vallarsels. Elstu börnin fara í skólastjóraheimsóknir að hausti og í haustskóla sem eru þrjú dagar. Í apríl fara þau síðan í svokallaðan *Vorskóla*, þá fara þau og eru í skólanum í 3-4 daga í röð. *Vorskólinn* endar með húllumhæi síðasta daginn. Vorskólinn er skipulagður af grunnskólunum á Akranesi.

Markmið samstarfsins er:

- Að tengja skólastigin saman
- Að skapa samfellu í námi og kennslu barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

Hefðir og hátíðir

Við í leikskólanum höldum uppá hina ýmsu daga og hátíðir.

- Hrekkjavökuvika í tengslum við hrekkjavöku 31. október
- Þann 16. nóvember ár hvert höldum við hátíðlegan *Dag íslenskrar tungu*.
- Haustskóli á haustönn
- Jólaskemmtun og rauður dagur er haldin í desember. Þá syngjum við saman í sal það er opið á milli deilda í leikskólanum og við borðum hátíðar mat. Gaman ef allir klæðast einhverri rauðri flík eða jólasveinahúfu.
- Bóndadaginn höldum við uppá með því að bjóða feðrum, öfum, frændum og bræðrum uppá morgunverð.
- Við höldum *Þorrann* hátíðlegan með því að bjóða börnunum upp á rammíslenskan mat og auk þess er einni ávaxtastund breytt í harðfisksstund.
- Í tengslum við þorrann og gamla tímann, höldum við rafmagnslausan dag.
- Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur með andlitsmálningu og skrúðgöngu í kring um leikskólann. Regnbogadagur
- Á *Bolludag* fá börnin fiskibollur í hádeginu og rjómbollur í nónhressingu.
- Á *Sprengidag* er boðið upp á saltkjöt og baunir.
- Á *Öskudag* höldum við náttfata-/búningaball, þar sem við sláum köttinn úr tunnunni.
- Konudaginn höldum við hátíðlegan fimmtudag eða föstudaginn fyrir konudag með því að bjóða mæðrum, ömmum, frænkum og systurum í morgunverð.

- Í mars er alþjóðleg *tannverndarvika*. Við höldum upp á hann með þemavinnu um tannhirðu og heimsókn á tannlæknastofu.
- Grænn dagur er haldin á degi umhverfisins. Þá förum við út og hreinsum rusl í kring um leikskólann.
- Gulur dagur er haldin síðasta föstudag fyrir dimbilviku.
- Vorskólinn er í apríl.
- Árgangamót leikskóla Akraness haldið í lok apríl.
- Ávaxta og grænmetisvika er haldin að vori. Þá koma börnin með einn ávöxt eða grænmeti á dag í viku og bjóða vinum sínum upp á.
- Útskriftaferð elstu barnanna í maí.
- Útskrift í maí.
- Blár dagur er haldin föstudaginn fyrir sjómannadag. Þá syngjum við saman í sal og borðum bláberjaskyr. Gaman ef allir klæðast einhverri blárri flík þann dag.

Afmæli

Við biðjum foreldra að senda börnin ekki með kökur, sælgæti eða þess háttar á afmælisdögum barnanna. Síðasta föstudag í hverjum mánuði er bökuð kaka í leikskólanum fyrir afmælisbörn mánaðarins. Afmælisbarnið fær kórónu og það er sungið fyrir það. Barnið er í brennidepli á afmælisdaginn sinn. Okkur langar til að skapa hefð og biðja foreldra að koma með sögu barnsins frá fæðingu til afmælisdags. Á hverju ári er svo bætt við nýjum kafla í sögu barnsins. Sagan er svo lesin í heild sinni á afmælisdegi barnsins.

Vinsamlega setjið ekki boðskort í hólf barnanna í leikskólanum þegar verið er að bjóða í afmæli heim nema að öllum á deildinni sé boðið, slíkt getur valdið miklum sárindum.

Óhöpp eða slys

Veikist eða slasist barnið í leikskólanum höfum við tafarlaust samband við foreldra og bregðumst við hverju tilfalli eftir bestu vitund. Hlúð er að barninu þar til foreldrar sækja það.

Náist ekki í foreldra eða ef um alvarlegt slys/veikindi er að ræða er farið með barnið beint á slysadeild. Barnið er slysatryggt meðan það dvelur í leikskólanum.

Veikindi

Það er gert ráð fyrir að börnin taki þátt í öllu starfi leikskólans úti sem inni. Þess vegna getum við ekki tekið á móti veikju barni eða barni sem er að veikjast. Barn smitar mest þegar það er að veikjast. Útveru er ekki sleppt nema í algjörum undantekningar tilvikum. Í leikskóla er alltaf meiri hætta á smiti og útbreiðslu algengra umgangssjúkdóma. Ef barn veikist og fær hita, þarf það að dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa. Fáir barn smitandi sjúkdóm verður

Það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögð tillitsemi við önnur börn og starfsfólk. Ef barn er fjarverandi vegna veikinda í mánuð samfelld er greitt hálf gjald. Foreldrum er bent á að ef um miklar fjarvistir er að ræða vegna veikinda, þarf að skila læknisvottorði til að fá niðurfellingu á gjaldi.

Ef barn hefur fæðuóþol eða ofnæmi þarf foreldri að skila læknisvottorði frá viðeigandi sérfræðingi (ekki heilsugæslulækni).

Lyf

Kennarar leikskólans mega ekki gefa börnunum lyf. Ef barn þarf á lyfjum að halda, ber að haga lyfjagjöfinni þannig að lyfin séu gefin heima en ekki í leikskólanum. Undantekning er gerð þegar þarf að taka lyf að staðaldri eða þegar um astmalyf er að ræða.

Sumarleyfi

Leikskólinn er lokaður í nokkrar vikur á sumrin. Öll börn í leikskólanum eiga að taka að lágmarki 4 vikna samfelld sumarleyfi. Gjald fyrir júlímánuð fellur niður, óháð hvenær barnið tekur sumarleyfið (í boði er að taka 5 vikna sumarleyfi gjaldfrjálst).

Jafnframt er leikskólinn lokaður á aðfangadag og gamlársgang.

Námskeiðs- og skipulagsdagar

Leikskólar Akraness eru lokaðir fimm daga á ári vegna námskeiðs- og skipulagsdaga. Þessir dagar eru í tengslum við námskeiðs- og skipulagsdaga grunnskólanna. Tveir á haust önn, alltaf fyrsti virki dagur janúar og tveir á vorönn. Námskeiðs- og skipulagsdagar eru tilgreindir í skólalagatali, þeir eru einnig auglýstir sérstaklega.

Umhverfið

Vinsamlegast akið varlega í næsta nágrenni leikskólans og skiljið bílinn ekki eftir í gangi. Skiljið hurðir og hlið leikskólans aldrei eftir opið og látið starfsfólk alltaf vita þegar komið er með barnið í leikskólann og þegar það er sótt.

Starfsfólk

Gæði leikskólastarfs byggjast á því að margir starfsmenn vinna saman að því að stuðla að þroska og vellíðan barna í gegnum starfið á leikskólanum. Það eru því mikil tímamót í starfi allra starfsmanna þegar börn útskrifast úr leikskóla og hefja grunnskólagöngu.

Nokkuð hefur borið á því að einstökum starfsmönnum elstu deilda séu færðar gjafir í þakklætisskygni við útskrift barna af leikskólanum. Langi foreldrum til þess að gefa

kveðjugjöf þá er vel til fundið að láta allan stafsmanahópinn njóta þess eða leikskólann í heild sinni.

Símanúmer leikskólans

4331260	Leikskólastjóri
4331262	Sérkennslu-/aðstoðarleikskólastjóri
4331263	Eldhús
4331264	Kaffistofa starfsmanna
4331265	Undirbúningsherbergi
4331266	Lækur
4331267	Tjörn
4331268	Mýri
4331269	Sérkennsla Lindir
4331270	Salur
4331271	Berg
4331272	Gljúfur
4331273	Klettur
4331274	Sérkennsla Hamrar

Handbók þessi inniheldur grunnupplýsingar um leikskólann, hún er í stöðugri endurskoðun. Ef eitthvað er óljóst þá er ykkur velkomið að hafa samband við starfsfólk leikskólans.

Uppfært

2008,2010, 2012, 2014.2015, 2017, 2019, 2020, 2021, 2022.

Anney Ágústsdóttir, Leikskólastjóri

Upplýsingar

Deildarstjóri: _____

Netfang: _____

Starfsmenn: _____

Sími deildar: _____

Netfang leikskólans: _____

Annað: _____

